

1.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn fimmtudaginn 15.janúar 2026 kl. 14:00. Vegna ófærðar er fundurinn haldinn í fjarfundi.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Delphine Briois Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. Skipulagsmál; Breyting á Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025. Jarðstrendur fra Melum að Hvalá og Ófeigsfjarðarvegur í Ófeigsfirði.
2. Tillaga að breytingu Deiliskipulags Hvalárvirkjunar vegna rannsókna – lega jarðstrengs og Ófeigsfjarðarvegur.
3. Skipulagsmál; Aðalskipulag Árneshrepps 2026 – 2038, heildarendurskoðun skipulagslýsing.
4. Sameiningarviðræður við Kaldrananeshrepp. Staða mála og næstu skref.
5. Finnbogastaðaskóli og skólaíbúð lagfæringar og viðhald.
6. Upplýsingapóstur til hreppsnefndar frá VV.
7. Áramótapóstur frá Sambandi sveitarfélaga til allra sveitarfélaga.
8. Póstur frá Jafnréttisstofu.
9. Póstur frá Sambandi sveitarfélaga varðandi Microsoft 365, nýr samningur.
10. Atvinnumál; Kaffi Norðurfjörður, Norðurfjarðarhöfn.
11. Farsældarráð Vestfjarða; er nánast orðið fullskipað.
12. Erindi frá N1 varðandi breytt fyrirkomulag olíu- og bensínafgreiðslu í Norðurfirði.
13. Póstur frá Delphine varðandi rafmagnsnotkun og fl.

Fyrir fundinum liggur fundargerð skipulagsfulltrú og skipulags- og byggingarnefndar Árneshrepps sem haldinn var 8.janúar 2026 og eru fyrstu 3 málín samþykktir frá þeim fundi.

1. Breyting á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 - Jarðstrengur frá Melum að Hvalá og Ófeigsfjarðarvegur í Ófeigsfirði.

Fyrir lá breytingartillaga aðalskipulagsins til auglýsingar og minnisblað Verkís dags. 5. janúar 2026 með samantekt athugasemda og viðbrögð við þeim. Vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingarinnar var kynnt 25. nóvember til 16. desember 2025. Umsagnir og athugasemdir bárust frá fimm aðilum á kynningartímanum, en auk þess kom ein athugasemd frá einum aðila eftir að kynningartímanum lauk. Unnið hefur verið úr umsögnum og brugðist við þeim í tillögnum.

Hreppsnefnd hefur yfirfarið framkomnar athugasemdir, viðbrögð við þeim og tillöguna og samþykkir aðalskipulagsbreytinguna í samræmi við 3. mgr. 30.gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúa er falið að auglýsa tillöguna í samræmi við 1. og 2. mgr. 31. gr. skipulagslaga.

1. 2. Tillaga að breytingu Deiliskipulags Hvalárvirkjunar vegna rannsókna – lega jarðstrengs og Ófeigsfjarðarvegur

Fyrir lá til afgreiðslu fyrir auglýsingu tillaga að breytingu deiliskipulags Hvalárvirkjunar vegna rannsókna sem tekur til legu jarðstrengjar og Ófeigsfjarðarvegur innan marka gildandi deiliskipulags. Breytingartillagan verður auglýst samhliða samsvarandi aðalskipulagsbreytingu, sbr. ofangreint mál. Vísað var til fundargerðar hreppsnefndar 19. nóvember 2025 þar sem VesturVerki ehf. var veitt heimild til deiliskipulagsgerðar.

Hreppsnefnd hefur farið yfir breytingartillögu deiliskipulagsins og samþykkir að auglýsa hana í samræmi við 1. og 2. mgr. 41.gr. skipulagslaga og er skipulagsfulltrúa er falið að auglýsa tillöguna.

3. Aðalskipulag Árneshrepps 2026-2038. Heildarendurskoðun. Skipulagslýsing

Lögð var fram til afgreiðslu skipulagslýsing vegna heildarendurskoðunar aðalskipulags Árneshrepps, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 1. mgr. 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025 var staðfest 28. janúar 2014 og það var unnið samkvæmt þágildandi skipulags- og byggingarlögum. Í ljósi þessa ákvað hreppsnefnd Árneshrepps að endurskoða aðalskipulagið í heild, viðfangsefni þess, stefnumörkun og samhengi við stefnumörkun stjórnvalda á landsvísu. Jafnframt var talið nauðsynlegt að uppfæra aðalskipulagið m.t.t. núgildandi skipulagslaga og laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í skipulagslýsingunni koma fram áherslur hreppsnefndar við endurskoðunina, upplýsingar um forsendur, núverandi stefnu og væntanlegt skipulagsferli. Árneshreppur hefur lagt sérstaka áherslu á vegabætur og atvinnuuppbyggingu í hreppnum og endurskoðun aðalskipulagsins er ætlað að skapa svigrúm fyrir þá uppbyggingu ásamt því að skapa almennar forsendur fyrir þróun samfélagsins í átt að sjálfbærri þróun.

Hreppsnefnd hefur farið yfir skipulagslýsinguna og samþykkir hana til kynningar sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Skipulagsfulltrúa er falið að kynna skipulagslýsinguna.

4. Sameiningarviðræður við Kaldraneshrepp. Staða mála og næstu skref, oddviti sendir nýjustu stöðu til nefndarmanna til upplýsingar. Ef á þarf að halda verður kallaður saman sér fundur hreppsnefndar varðandi ákvarðanir um framhaldið.
5. Finnbogastaðaskóli og skólaíbúð lagfæringar og viðhald. Samþykkt var að kaupa eldhúsinnréttingu, halda áfram með málningavinnu, ath. með lagfæringar á forstofu í skólastjóraíbúð.
6. Upplýsingapóstur til hreppsnefndar frá VV. Farið var yfir póst frá VesturVerki og ennfremur þá staðreynd að ekki horfir vel í samgöngumálum.
7. Áramótapóstur frá Sambandi sveitarfélaga til allra sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
8. Póstur frá Jafnréttisstofu. Lagt fram til kynningar.
9. Póstur frá Sambandi sveitarfélaga varðandi Microsoft 365, nýr samningur. Delphine ætlar að skoða hvort ástæða sé til að við förum í samstarf við önnur sveitarfélög varðandi málið.

361.

10. Atvinnumál; Kaffi Norðurfjörður, Norðurfjarðarhöfn. Hótel Djúpavík verður áfram með rekstur Kaffi Norðurfjarðar. Ákveðið var að klára viðræður við landeigendur við höfnina og gera samkomulag um nýtingu þess ásamt því að fá starfsmann til starfa við höfnina.
11. Farsældarráð Vestfjarða; er nánast orðið fullskipað. Sólveig Rögnvaldsdóttir hefur verið kjörin fulltrúi Árneshrepps og samþykkir hreppsnefnd áætlun Farsældarráðs Vestfjarða.
12. Erindi frá N1 varðandi breytt fyrirkomulag olíu- og bensínafgreiðslu í Norðurfirði. Málið var rætt og ákveðið að reyna að finna viðunandi lausnir, ennfremur þarf að leggja áherslu á að fá rafhleðslustöð á staðinn.
13. Póstur frá Delphine varðandi rafmagnsnotkun og fl. Lauslega rætt um skólamálin. Talsverð umræða varð um rafmagnsnotkun og rafmagnsmæla í eigu hreppsins, og ákveðið var að fara yfir þessi mál fyrir vorið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.16:05.